

**Samþykkt um könnun á starfsaðstæðum trúnaðarmanna KÍ**

5. þing KÍ haldið 6. - 8. apríl 2011 samþykkir að beina því til stjórnar KÍ að láta gera könnun á starfsaðstæðum trúnaðarmanna KÍ. Niðurstöðurnar verði kynntar á ársfundi KÍ árið 2012 og eftir ársfund fyrir öðrum viðeigandi aðilum innan og utan KÍ.

Stjórn KÍ noti niðurstöðurnar til að skilgreina starfsaðstæðum trúnaðarmanna og til að vinna að viðeigandi umbótum í samstarfi við aðildarfélag KÍ og önnur stéttarfélag opinberra starfsmanna.

Stjórn KÍ er heimilt að veita fjármunum til könnunarinnar skv. fjárhagsáætlun KÍ fyrir næsta tímabil.

*Greinargerð:*

Félagslegir trúnaðarmenn KÍ sinna þýðingarmiklum störfum á vinnustöðum samkvæmt lögum og kjarasamningum við að gæta réttinda og hagsmuna félagsmanna. Á trúnaðarmenn hafa hlaðist fleiri verkefni vegna niðurskurðar á fjárveitingum til skóla og breytinga á starfsmannahaldi, vinnumagni og störfum. Auk félagslegra trúnaðarmanna er mikill fjöldi tengiliða og varatrúnaðarmanna sem einnig gegna ákveðnu hlutverki í starfsemi KÍ. Fjöldi þessara aðila eftir skólastigum er:

<i>Vinnustaðir:</i>	<i>Fjöldi vinnustaða</i>	<i>Trúnaðarmenn</i>	<i>Tengiliðir</i>
<b>Framhaldsskólakennarar</b>	43	53 (aðal- og vara)	
<b>Grunnskólakennarar</b>	200	194	10
<b>Leikskólakennarar</b>	317	207	64
<b>Starfsfólk á skólaskrifstofum</b>	20	5	
<b>Tónlistarskólakennarar</b>	75	41	2